Mánudaginn 28. apríl 1997.

Nr. 182/1997. **Rannsóknarlögregla ríkisins**

gegn

Sigurbirni Gunnari Utley

(Bergsteinn Georgsson hdl.)

Kærumál. Gæsluvarðhald, a-liður 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Arnljótur Björnsson og Markús Sigurbjörnsson.

Varnaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 23. apríl 1997, sem barst réttinum ásamt kærumálsgögnum 25. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 23. apríl 1997, þar sem varnaraðila var gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 30. apríl 1997. Kæruheimild er í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Varnaraðili krefst þess aðallega, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi, en til vara, að gæsluvarðhaldi verði markaður skemmri tími.

Sóknaraðili krefst staðfestingar úrskurðar héraðsdóms.

Varnaraðili hefur viðurkennt að hafa 14. apríl sl. ásamt öðrum rænt starfsmann nafngreinds verslunarfyrirtækis í stigagangi hússins Suðurlandsbrautar 48, Reykjavík. Eins og greinir í hinum kærða úrskurði, hefur ekki tekist að afla upplýsinga um afdrif hluta ránsfengsins. Þá telur sóknaraðili þörf á að rannsaka hugsanlega aðild fleiri manna en þeirra, sem nú sæta gæsluvarðhaldi, að undirbúningi og skipulagningu ránsins. Með vísan til þessa þykir mega fallast á með héraðsdómi, að fullnægt sé skilyrðum a-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 til gæsluvarðhalds. Verður hinn kærði úrskurður því staðfestur.

D ó m s o r ð :

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 23. apríl 1997.

Ár 1997, miðvikudaginn 23. apríl, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Júlíusi B. Georgssyni dómarafulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

Rannsóknarlögregla ríkisins hefur með vísan til a-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 krafist þess, að Sigurbirni Gunnari Utley, kt. 250764-3679, Hamrabergi 16, Reykjavík, verði gert að sæta áfram gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 30. apríl nk. kl. 16 vegna grunar um brot gegn 252. gr., sbr. 255. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

– – –

Samkvæmt framansögðu er kærði undir rökstuddum grun um aðild að broti gegn 252. gr. almennra hegningarlaga. Rannsóknin er enn á frumstigi, og verður að fallast á það með lögreglu, að gæsluvarðhald sé nauðsynlegt til að tryggja eðlilegan framgang rannsóknarinnar. Með vísan til a-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 verður kærða gert að sæta áfram gæsluvarðhaldi, svo sem krafist er, allt til miðvikudagsins 30. apríl.

Úrskurðarorð:

Kærði, Sigurbjörn Gunnar Utley, sæti áfram gæsluvarðhaldi frá lokum gæsluvarðhalds þess, er rennur út kl. 16 í dag, allt til miðvikudagsins 30. apríl nk. kl. 16.